

Rökstuðningur dómnefndar Kuðungsins 2024

Tilnefningar til Kuðungsins árið 2024 voru alls 15. Sem fyrr er Kuðungurinn veittur fyrir framúrskarandi árangur í umhverfismálum á liðnu ári og eru nú, í þriðja sinn, veitt verðlaun í tveimur flokkum, þ.e. í flokki minni og stærri fyrirtækja eða stofnana.

Dómnefndina í ár skipuðu þau Helga Hvanndal Björnsdóttir, Reynir Smári Atlason, Sigmundur Halldórsson og Þuríður Helga Kristjánsdóttir. Dómnefndin hafði við val sitt það verkefni að horfa til fjölda þátta á sviði umhverfismála, en þá má nefna umhverfisstjórnun, losun gróðurhúsalofttegunda, lágmörkun úrgangs og efnanotkunar, mengunarvarnir, umhverfisvæna þróun á vöru eða þjónustu, samstarf í umhverfismálum og vinnuumhverfi.

Dómnefnd bærust margvíslegar tilnefningar og var einkar ánægjulegt að sjá hve mörg íslensk fyrirtæki og stofnanir eru að leggja sitt af mörkum til umhverfismála, en eftir vandlega yfirferð kom dómnefndin sér saman um fimm fyrirtæki sem komust áfram í úrslit.

Minni fyrirtæki

Verðlaun í flokki minni fyrirtækja eru gefin þeim fyrirtækjum eða stofnunum þar sem hámarksfjöldi starfsmanna er í kringum fimmtíu talsins. Í ár komust Pure North Recycling og Amtsbókasafnið á Akureyri í úrslit og stóð dómnefnd frammi fyrir því að velja þar á milli.

Pure North Recycling er umhverfistæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í endurvinnslu á plasti, úrgangsráðgjöf og greiningu fyrir fyrirtæki og sveitarfélög. Árið 2024 markaði tímamót í starfi fyrirtækisins, en auk eftirtektarverðs árangurs í umhverfisvænni endurvinnslu á plasti hóf fyrirtækið framleiðslu á vörum úr endurunnu plasti.

Amtsbókasafnið á Akureyri hefur markvisst unnið að því að innleiða sjálfbærni og hringrásarhugsun í öllu sínu starfi. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að efla deilihagkerfið og auka samnýtingu, meðal annars með því að bjóða gestum að fá ýmsa hluti að láni. Fræðsla um sjálfbærni og umhverfisvitund hefur jafnframt verið í brennidepli í starfseminni.

Þótt starfsemi Pure North og Amtsbókasafnsins sé ólík á flestum sviðum, eiga þau það sameiginlegt að hafa náð eftirtektarverðum árangri í umhverfismálum. Dómnefndin komst þó að einróma niðurstöðu um að veita fyrirtækinu Pure North umhverfisverðlaun ársins 2024 í flokki minni fyrirtækja.

Pure North

Pure North Recycling hefur með einstökum hætti markað sér sess sem leiðandi umhverfistæknifyrirtæki á Íslandi. Allt frá stofnun hefur fyrirtækið lagt áherslu á sjálfbærni, nýsköpun og ábyrgð í úrgangsmálum.

Með því að nýta jarðhita við plastendurvinnslu hefur Pure North náð að draga úr kolefnisspori vinnslunnar um 82% miðað við sambærilega framleiðslu í Evrópu, sem gerir endurunnið plast þeirra meðal þess umhverfisvænasta sem finnst á markaði. Samhliða endurvinnslunni hefur Pure North unnið að vörupróun úr endurunnu plasti, með það að markmiði að efla hringrásarnotkun plasts á Íslandi. Árið 2024 tók fyrirtækið nýjan búnað í notkun og framleiddu sínar fyrstu vörur úr plastinu sem fyrirtækið fær inn til endurvinnslu og nær þar með að loka endurvinnsluhringrásinni.

Auk endurvinnslustarfsemi hefur Pure North lagt metnaðarfulla vinnu í þróun úrgangslausna. Þannig nýtir hugbúnaðurinn “Úlli úrgangspjarkur” gervigreind til greina úrgangsgögn fyrirtækja og sveitarfélaga með því markmiði að að bæta úrgangsstjórnun og stuðla að bættu hringrásarhagkerfi. Hugbúnaðurinn er byggður á íslensku hugviti og hefur aðstoðað mikinn fjölda fyrirtækja og sveitarfélaga hér á landi og hefur nú verið opnað útibú í Noregi þar sem hugbúnaðurinn sinnir sama hlutverki og hann hefur gert hér á landi.

Á árinu 2024 kynnti Pure North móttöku- og flokkunarstöðina “Auðlind” sem er sérhönnuð lausn til að flokka og vinna úr úrgangi á vinnustöðum og heimilum með áherslu á að lágmarka blandaðan úrgang og auka nýtingu verðmætra hráefna. Með samþættingu Auðlindar við hugbúnaðinn Úlla hefur Pure North skapað fyrirmyndar umgjörð fyrir skilvirka úrgangsstjórnun og hringrásarhugsun á Íslandi.

Dómnefnd óskar Pure North innilega til hamingju með viðurkenninguna.

Stærri fyrirtæki

Í flokki stærri fyrirtækja komust fyrirtækin BM Vallá, Krónan og Ölgerðin í úrslit og beið það því dómnefndar að velja á milli þeirra þriggja.

BM Vallá hefur lagt áherslu á vistvænar lausnir og hringrásarhugsun í starfsemi sinni og framleiðslu. Með þróun og nýtingu á vistvænni steypu, “Berglind”, býður fyrirtækið upp á lausn sem hönnuð er til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggingariðnaði, en Berglind getur dregið úr kolefnisspori um allt að 45%.

Krónan hefur unnið gagngert að því að minnka matarsóun í allri sinni aðfangakeðju, allt frá innkaupum og vörustýringu til sölu á matvöru. Krónan hefur sömuleiðis lagt áherslu á að nota umhverfisvæna orkugjafa, tryggja umhverfisvænt vöruúrval og að sýna ábyrgð í sorpflokkun. Krónan er eina matvöruverslanakeðjan á Íslandi sem hefur fengið Svansvottun fyrir allar 26 verslanir sínar.

Ölgerðin hefur lagt ríka áherslu á að draga úr kolefnisspori frá eigin rekstri og hefur náð umtalsverðum árangri í losun frá framleiðsluferlum sínum. Ölgerðin hefur sett sér metnaðarfull markmið um að ná kolefnishlutleysi árið 2040 og vinnur stöðugt að því með setningu tölulegra markmiða. Sömuleiðis hefur Ölgerðin dregið verulega úr sóun á öllum stigum framleiðslu og má þar helst nefna nýtingu endurunninna hráefna og bættu hönnun umbúða.

Var dómnefnd sammála um að öll þessi fyrirtæki væru að takast á við áskoranir í umhverfismálum af miklum metnaði og væru sannarlega til fyrirmyndar þegar kæmi að umhverfismálum. Það var þó einhuga niðurstaða dómnefndar að veita BM Vallá viðurkenningu ársins 2024 í flokki stærri fyrirtækja.

BM Vallá

BM Vallá hefur tekið stór skref í átt að sjálfbærari og vistvænni mannvirkjagerð. Fyrirtækið hefur þróað vistvænni steypu undir vörumerkinu "Berglind", sem dregur úr kolefnisspori um allt að 45%. Þá hafa þau markvisst minnkað kolefnisspor algengustu steypugerða sinna og stefna á kolefnishlutleysi í steypuframleiðslu fyrir árið 2030, en fyrirtækið hefur lagt grunninn að því að geta notað kolefnishlutlaust sement, sem lykilskref í átt að kolefnishlutlausri steypuframleiðslu.

Árið 2024 réðst BM Vallá í að skipta út hefðbundnu sementi í vistvænna sement (Standard FA), sem leiddi til samdráttar í kolefnislosun á um 4.000 tonnum af CO₂, sem samsvarar útblæstri 3.450 fólksbíla á ári.

BM Vallá nýtir vottaðar umhverfisýfirlýsingar (EPD) fyrir meirihluta vara sinna, stuðlar að hringrásarhugsun með nýtingu afgangsefna í framleiðslu, og hefur hafið þróun á hringrásarhúsum. Í hringrásarhúsum eru notaðar byggingareiningar sem taka má í sundur og endurreisa með lágmarks umhverfisáhrifum, en með slíkri aðferð má draga úr allt að 90% byggingarúrgangs og stuðla þannig að betri nýtingu auðlinda.

BM Vallá leggur kapp á að kynna vistvænni lausnir fyrir viðskiptavinum sínum og veitir þannig bæði hvatningu um leið og það stuðlar að bættri umhverfisvitund innan byggingariðnaðarins og hjá eigin starfsfólki.

Byggingariðnaðurinn er sá iðnaður sem losar hvað mest kolefni á heimsvísu og þar sem steypa er aðalbyggingarefni um 70% íslenskra bygginga gefur auga leið að þetta framtak gefur möguleika á stórfelldum samdrætti í losun byggingariðnaðar á Íslandi.

Dómnefndin óskar BM Vallá innilega til hamingju með viðurkenninguna.

Lokaorð

Dómnefnd þakkar tilnefningarhöfum kærlega fyrir frábærar móttökur og kynningar og óskar jafnframt öllum til hamingju með vel unnin störf í þágu umhverfisins.